



Áveitan

8. tbl. 14. árgangur. Ágúst 2020

Ungmennafélagsreiðtúrinn 2020

-taka 2



Eins og margir vita var ungmennafélagsreiðtúrnum sem vera átti í júlí frestað vegna veðurútlits. Þá stóð til að ríða um land Fljótshóla. Nú hefur verið horfið frá þeirri leið vegna óhagstæðra sjávarfalla í ágúst og ný áætlun í smíðum.

Reiðtúrinn verður farinn laugardaginn 15. ágúst nk.

Hittst verður á hlaðinu í Holti kl 13:30 og ríðið af stað kl 14:00. Farið verður út á Holtsmýrina og ríðið að Oddagörðum og um fleiri jarðir sem áður voru í byggð. Björn í Holti mun leiða reiðina sem ætti í heildina að taka um 2 klukkustundir.

Ungmennafélagið mun ekki bjóða upp á hressingu að þessu sinni vegna sóttvarna, en fólk er hvatt til að taka með sér bita.

Nú krossum við fingur og vonum að veðrið verði með okkur í liði, mætum sem flest.

Stjórn Þjóttanda

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanne Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	bryndisdalbae@gmail.com	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

Þakkir frá formanni sóknarnefndar Villingaholtskirkju

Kæru starfsmenn vinnuskóla Flóahrepps og flokksstjórar.

Mig langar að senda ykkur kærar þakkir fyrir ykkar góðu vinnu í Villingaholtskirkjugarði í sumar. Það er frábært að geta fengið ykkur til starfa og allt leit svo vel út og var svo snyrtilegt þegar þið höfðuð lokið ykkar verki.

Foreldrar vinnuskólabarna, endilega skilið kæru þakklæti til ykkar barna.

Get tekið að mér slátt. Vinnslubreidd 7 metrar, get slegið 8-10 ha/klst við góðar aðstæður.

**Reynir Hurðarbaki,
898-0929.**



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Uppskriftarhornið

Bestu þakkir fyrir áskorunina kæra Helena mín.

Ég fann hjá mér góða uppskrift af núðlurétt sem er fljótlegt og auðvelt að útbúa.

Ég ætla að skora á eina góða vinkonu til margra ára, Öllu í Ferjunesi í næstu Áveitu henni verður ekki skotaskuld að hrista góða uppskrift fram úr erminni.

Núðluréttur á pönnu

400 gr kjúkling eða svínakjöt.

2 stórir hvítlaukar (ca 6rif)

1 laukur

2 gulrætur

1/2 græn paprika 1/2 rauð paprika.

150 gr hvítkál

1 pk. traditional noodles frá thai choice (eggjanúðlur)

slatti af soyasósu

1 stk súputening (ég nota nautakraft)

salt og pipar eftir smekk.

ca 3-4 glös vatn

Byrjum að skera kjöt og grænmeti í nettar ræmur, kjötið steikt á pönnu svo hvítlaukur og laukur steiktur og blandað saman við kjötið, síðan er rest af grænmetinu blandað með, teningurinn og krydd sett úti og þá eru núðlurnar settar yfir alltsaman (ósoðnar) soyasósu og vatni hellt yfir látið lok á pönnuna og mallið þar til núðlurnar eru orðnar mjúkar veltið nokkrum sinnum við. Kryddið eftir smekk. Einnig má setja rækjur í réttinn ef vill þetta má vera nokkuð frjálst. Gott er að frysta afganga til að geta nýtt síðar. Ég steiki alltaf hvítlaukinn fyrst með kjötinu til hliðar á pönnunni.

Kær kveðja Sigga á Grund.

Pistillinn

Ég þakka Veroniku Narfadóttur, nágranna mínum fyrir áskorunina að skrifa næsta pistil.

Þegar ég kom fyrst í Hraungerðishreppinn 10 ára gamall sem vinnumaður hjá Kristni og Svönu í Halakoti opnaðist fyrir mér nýr heimur. Ég var svo heppinn að ég kom inn í lok vagnhestaalda, engin dráttarvél og engin bifreið - allt unnið með hestum.

Mér fannst ég koma í sveitina sem fullgildur vinnumaður. Vaknaði 6.30 sótti Smára gamla þar sem hann var á beit tjóðraður því hann gat verið óþarflega stríðinn að láta ná sér.

Aktygin voru spennu á klárinn og hann settur fyrir vagninn og farið með mjólkina að Hádegishólum þar sem mjólkurbílinn tók við mjólkinni og skilaði af sér tómu brúsunum, kom með póstin, fóðurbæti og mjólkurafurðir - ost og smjör.

Kýrnar voru handmjólkaðar, slegið var með hestsláttuvél og rakað og snúið með vélum sem voru dregnar af hestum. Sumarið eftir var eitt mesta rigingasumar sem menn muna eftir, jörðin var á floti. Þeir sem reyndu að slá sátu uppi með hrakið hey á sátum eða göltum til hausts. Engiarnar voru slegnar um haustið í skúffu sem var tengd sláttuvélinni og sleppt þar sem land stóð upp úr vatni. Síðan var bundið votaband uppá hesta og þurrkað á heimatúninu. Já, það var mörg búmannsraunin. Sumrin mín í Halakoti sem vinnumaður voru þrjú, en ég átti síðan margar ómetanlegar stundir með þeim heiðurshjónum Svönu og Kristni meðan þeirra naut við. Dagarnir voru fljótir að líða, Kristinn var einstaklega skemmtilegur maður, mælskur með afbrigðum, sagði skemmtilega frá og hermdi eftir. Á þessum árum var blandaður búskapur á öllum bæjum í sveitinni, ekkert sjónvarp, fólk hlustaði almennt á kvöldsöguna í útvarpinu. Þessi kynslóð sem ég kynntist er mikið til horfin, búskaparhættir gjörbreyttir. Þau bú sem eru með mjólkurframleiðslu hafa flest innleitt nýjustu tækni í róbótum og hátæknifjósum. Leiksviðið er eins en ný kynslóð leikara tekin við keflinu.

Ég mæli með að Ólafur Guðjónsson, Bollastöðum skrifi næsta pistil.

Gunnar Birgir Gunnarsson,
Arnarstöðum

Tilkynning frá Hraungerðis - og Villingaholtskirkjum

Þá er nú loks stefnt að fermingum sóknanna, en fresta þurfti þeim í vor, vegna fjöldatakamarkana og covid 19. Vonandi kemur ekki til þess í annað sinn.

Hraungerðiskirkja

Fermingarguðsþjónusta verður í Hraungerðiskirkju, laugardaginn 22. ágúst, klukkan 13.30.

Kór kirkjunnar syngur, organisti er Guðmundur Eiríksson. Prestur er sr. Guðbjörg Arnardóttir.



Villingaholtskirkja

Fermingarguðsþjónusta verður haldin í Villingaholtskirkju, sunnudaginn 23. ágúst klukkan 13.30.

Kór kirkjunnar syngur, organisti er Guðmundur Eiríksson. Prestur er sr. Guðbjörg Arnardóttir



Aðalfundur Búnaðarfélagss Villingaholtshrepps

Aðalfundurinn sem fresta þurfti í mars verður haldinn í Þjórsárveri þriðjudagskvöldið 18. ágúst nk. kl 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf og kaffiveitingar.

Fundarfólk er beðið að huga að sóttvörnum, með almennu hreinlæti og að halda hæfilegri fjarlægð.

Stjórnin

📍 Adeins 35 mín. frá Reykjavík

FERÐ Í RAUFARHÓLSHELLI ER

mögnuð upplifun



The highlight of our Iceland tripl



The "Must See" event in Iceland

Umsagnir frá TripAdvisor



Fyrir frekari upplýsingar og bókanir:
thelavatunnel.is

☎ 760 1000
info@thelavatunnel.is

THE
LAVA
TUNNEL

Sá ég spóa suðrí Flóa 2020

Nú er síðasti mánuðurinn í útivistarverkefninu okkar „Sá ég spóa“ hafinn, og hver að verða síðastur að skrifa í 5 gestabækur eða fleiri til að eiga möguleika á veglegum vinningi.



Vinningurinn þetta árið er hellaskoðun í Raufarhólshelli fyrir 4 einstaklinga, að verðmæti um 19.500 kr. Athugið að frítt er fyrir 11 ára og yngri.

Texti af heimasíðunni thelavatunnel.is:

“Raufarhólshellir er hraunhellir sem myndaðist í Leitahraungosinu og hann er einn lengsti hellir Íslands. Hraunhellir eru rásir sem verða til þegar seigfljótandi hraunkvika mótar harða skel sem þykknar og myndar þak yfir hraunstrauminn sem enn rennur áfram. Allt fram á síðustu öld var mikið af dropasteini og dropastráum í hellinum en á sjötta áratugnum lögðu sífellt fleiri leið sína í hellinn og brutu niður steinana með þeim afleiðingum að nú eru nánast engir eftir. Með ferð í Raufarhólshelli gefst einstakt tækifæri til njóta leiðsagnar og skoða áhrif þess geysilega náttúruafis sem brýst upp úr iðrum jarðar í gosi og undraveröldina sem leynist rétt undir yfirborðinu.”

Verkefninu lýkur 31. ágúst og við drögum út vinningshafann 1. september. Gönguleiðirnar eru þessar, nánari leiðarlýsingar á facebooksíðu Þjótanda:

Skógræktin í Skagás
Klofsteinn á Rútsstöðum
Urriðafoss
Knarrarósviti
Háaleiti milli Uppsala og Sölvholts
Flóðgáttin við Hvítá.

Stjórn Þjótanda

Sumaræfingum Umf. Þjótanda senn að ljúka

Nú fer æfingum sumarsins að ljúka, mæting hefur verið frábær.

Vetrarstarf félagsins verður svo kynnt í byrjun september.

Síðasta leikjakvöld fyrir unglinga verður fimmtudagskvöldið 13. ágúst klukkan 20. Munið að staðsetning er tilkynnt samdægurs á facebook síðunni „Leikjakvöld Þjótanda“.

Síðasta íþróttæfingin hjá Sunnu verður miðvikudagskvöldið 5. ágúst kl 20-21.

Munið svo Flóamótið sem verður haldið í kringum mánaðamótin ágúst-september. Nánar auglýst þegar nær dregur.



Dagskrá mánaðarins

Íþróttæfing	5. ágúst
Leikjakvöld	6. ágúst
Leikjakvöld	13. ágúst
Ungmennafélagsreiðtúrinn	15. ágúst
Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps	18. ágúst
Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju	22. ágúst
Fermingarmessa í Villingaholtskirkju	23. ágúst